

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð (191. mál)

Vísað er til beiðni samgöngunefndar, dags. 8. nóvember 2005, um umsögn Símans vegna frumvarps til laga um fjarskiptasjóð. Frumvarpstextinn gefur ekki tilefni til ítarlegra athugasemda. Þó má nefna tvö atriði, sem vert er að gefa gaum í meðförum þingsins.

Annars vegar skal bent á, að vegna legu landsins hefur Ísland ákveðna sérstöðu þegar kemur að gjaldtöku fyrir gagnaflutninga til og frá landinu. Til að standa straum af kostnaði við rekstur sæstrengja hafa fjarskiptafyrirtækin farið þá leið að heimta sérstakt gjald fyrir svokallað niðurhal erlendis frá. Að öðru leyti má segja að talsímaþjónusta hafi staðið straum af kostnaði við útlandasambönd.


Gera má ráð fyrir að eftir því sem fleiri fyrirtæki og opinberar stofnanir auki notkun á sk. IP tækni (pakkaskiptir gagnaflutningar) fyrir millilandasímtöl muni geta talsímaþjónustu til að standa straum af útlandasamböndum fara minnkandi. Á sama tíma mun kostnaður við gagnaflutninga aukast eftir því sem þörf verður á bandbreiðari samböndum.

Hlutverk fjarskiptasjóðs skv. 2. gr. frumvarpsins er m.a. að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta. Ekki verður séð af greinargerð með frumvarpinu að undir stofnkerfi fjarskipta falli uppbygging og rekstur sambanda sem tengja landið við umheiminn heldur eru athugasemdir í greinargerð einskorðaðar við þjónustu innanlands. Með hliðsjón af þessu leggur Síminn til að í nefndarátliti samgöngunefndar komi fram með skýrum hætti að æskilegt sé að minnka fjarskiptakostnað einstaklinga og fyrirtækja vegna sæstrengja með því að fjarskiptasjóðurinn styrki uppbyggingu og rekstur sambanda sem tengja landið við umheiminn hvort heldur í sjó eða á landi.

Hins vegar er athygli nefndarinnar vakin á, vera kann nauðsynlegt að veita fjármagni úr sjóðnum til rekstrar en ekki eingöngu til fjármögnunar stofnkostnaðar. Sem dæmi má nefna, að gera verður ráð fyrir að farsímasendar sem settir verða upp á grundvelli úthlutunar úr sjóðnum verði á fjarlægum og óaðgengilegum slóðum. Því er fyrirséð að rekstrarkostnaður verður verulegur um leið og tekjur verða litlar. Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps er hins vegar sérstaklega tekið fram að fyrst og fremst sé miðað við stofnkostnað en ekki þjónustu hvað varðar greiðslur úr sjóðnum.

Með vísan til þessa telur Síminn nauðsynlegt að í lagatexta verði stjórninni veitt sérstök heimild til að úthluta til verkefna þar sem fyrirséð að rekstur verði óarðbær. Lagt er til að slík heimild komi fram í 4. gr. um fjármögnun verkefna.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landssíma Íslands hf.

  
f.h. Páll Ásgrímsson, hdl.